



## Formannafundur faghópa rammaáætlunar

3. fundur, föstudaginn 6. febrúar, kl. 12:00 á Orkustofnun

**Mætt:** Svanfríður Jónasdóttir, Anna Sverrisdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Tómas Þór Tómasson.

**Gestur:** Kristinn Einarsson, Orkustofnun.

### Fundarfrásögn

#### Drög að lista yfir virkjunarkosti.

Aðalefni fundarins voru drög að virkjunarkostum sem faghópur 4 hefur tekið saman. Á listanum eru alls um 80 kostir og því ljóst að „kostirnir eru margir og tíminn skammur“. Listinn hefur verið sendur orkufyrirtækjum og kallað eftir athugasemdum. (Listinn og bréf er honum fylgdi liggja frammi á vinnusvæði á vef rammaáætlunar - faghópur 4.)

Í framhaldi af athugasemdum orkufyrirtækja þarf að taka afstöðu till nokkurra atriða:

- Hversu marga kosti á að taka til mats?
- Er ástæða til að taka út fyrir sviga „augljós verndarsvæði“?
- Ef í ljós koma kostir/svæði sem orkufyrirtækin sýna ekki áhuga, á að sleppa þeim eða á Orkustofnun að taka afstöðu til þeirra?

Svanfríður vitnaði í tillögu Sveinbjörns Björnssonar um að rík ástæða væri til að taka með í mati tilbúna virkjanir til samanburðar, allt frá Elliðaárvirkjun til Kárahnjúka, svo raunhæfur samanburður við þekktar framkvæmdir náist fram.

Samkvæmt lauslegu mati Þóru eru 17 nýir kostir á listanum og þar eru gögn líklega afar takmörkuð. Hún varpaði fram þeirri spurningu hvort rammaáætlun sé í stakk búin til að greiða fyrir útvegum gagna? „Er til fjármagn til slíks?“ Í þessum tilfellum þyrfti að leita uppi gögn sem liggja hjá opinberum aðilum. Eðlilegt er að gera þá kröfu að fyrrliggjandi opinber gögn fái afhent án greiðslu. Þóra taldi 80 virkjunarkosti kalla á afar mikla vinnu faghópa og verkefnisstjórnar og sú vinna myndi að öllum líkindum sprengja tímarammann sem er til stefnu. Hún varpaði fram hugmyndum sem nota má til að skera listann niður:

- Skilja eftir þau svæði sem fæst gögn og minnstar upplýsingar liggja fyrir um.
- Taka fyrir líkleg virkjunarsvæði í nánustu framtíð.
- Velja svæði þar sem engar virkjunarfram kvæmdir hafa verið og teljast óröskuð vatnasvæði.

Kjartan taldi einnig akk í að tekinn yrði saman listi yfir þá kosti þar sem einn kostur útilokar annan.

Guðni vakti athygli á alþjóðlegum matslyklum um vatnsaflsvirkjanir. Af þeim má ráða hvaða upplýsingar þarf að hafa á reiðum höndum til að „skora vel“ gagnvart skilgreindum kostum. Framkvæmdaaðilar geta þá kannað stöðu svæða og skilgreint hvaða þætti þarf að byggja undir til að tryggja betra „skor“. Þá lýsti Guðni þeirri hugmynd að vinna lista yfir virkjunarkosti yfir á html-skjal og tengja myndir, skjöl og önnur gögn einstökum kostum.

Á næsta fundi verkefnisstjórnar verður umfjöllun um listann aðal viðfangsefnið.

### **Aðferðafræði faghops III.**

Kjartan gerði grein fyrir hugmyndum um aðferðafræði faghóps III. Hann taldi best að þróa almennan ramma um samfélagsleg áhrif með „interaktívum matsþáttum“ sem leggja mætti á ólíka virkjunarkosti á mismunandi tímum. „Það sem er raunhæft í dag er úrelt a morgun því forsendur breytast svo hratt.“ Ef til er almennur rammi með skilgreindum breytum mætti uppfæra ný gildi eftir hendinni. Hann áréttaði að röðun virkjunarkosta væri alltaf „afstæð“ og viðmið og einkunn þurfa að hafa samanburð við eitthvað sem fólk þekkir. Þannig samanburðarkostir geta t.d. verið Gullfoss, Geysir og Dettifoss og aðrir staðir „sem eiga fastan sess í hugum fólks“. Hvað samfélagslega þætti áhrærir eru upplýsingar um virkjunarkosti afar mismunandi; ágætar upplýsingar liggja fyrir um stærstu virkjunarsvæðin en gögn eru afar fátækleg um marga smærri kosti.

### **Önnur mál.**

Loftmyndir: Þóra vakti athygli á nauðsyn þess að fá afnot af góðum loftmyndum af einstökum svæðum. Fram kom að Orkustofnun hefur yfir að ráða loftmyndum af öllu landinu en Þóra áleit að einnig væri þörf á nákvæmari myndum. Kanna einnig hvort möguleiki sé á að fá ská-myndir úr lofti sem gefur færi á að túlka landslag í þrívídd. Mikilvægt er að kanna hvaða myndefni er til hjá opinberum aðilum því afar kostnaðarsamt er að leita til einkafyrirtækja. Þorvaldur Bragason hjá Orkustofnun heldur utan um kortakost OS.

Athugasemdir frá Rarik: Starfsmaður reifaði athugasemdir sem Rarik hafði komið á framfæri um skipan faghóps 4. Rarik telur óeðlilegt að í hópnum sitji fulltrúar tveggja samkeppnisaðila sinna (Landsvirkjun og sérstaklega OR) og telja hæpið að leggja fram nákvæmar upplýsingar um áform sín vegna samkeppnissjónarmiða. Rarik mun taka þessi mál upp á vettvangi Samorku.

Heimsókn til Vestfjarða: Stefnt er að fundarferð verkefnisstjórnar til Ísafjarðar 23. feb. og var starfsmanni falið að kalla eftir áhugasömum þátttakendum úr verkefnisstjórn.

Vettvangsferðir faghópa: Faghópar I og II hafa hug á að vettvangsferðum. Stefnt er á ferð um Reykjanes fljótlega en á önnur svæði í maí-júní.

Fundi slitið kl. 14:00.